

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022, sorpörgun og efnistaka við Bjarnhóla í landi Hamars.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 3. mars 2015 breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022, sem samþykkt var í sveitarstjórn Borgarbyggðar þann 20. nóvember 2014.

Landnotkunarbreytingin nær til 9,8 ha svæðis við Bjarnhóla. Landnotkun verður breytt úr landbúnaðarsvæði í sorpförgun (urðunarsvæði) og efnistökusvæði. Reið- og gönguleið sem liggur um svæðið verður færð vestur fyrir það.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 3. mars 2015.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.